

**17. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)  
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 19. febrúar 2021 og hófst  
hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**  
Vigfús Björnsson.

**Fundargerð ritaði:** Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Hafnargata 1 - skipting húss 2021 - 2102006**

Sænes ehf. kt. 420393-2299, Stórasvæði 8 610 Grenivík, sækir um byggingarleyfi vegna innréttingar geymslu í kjallara Hafnargötu 1 á Grenivík. Erindinu fylgja uppdrættir frá Haraldi Árnasyni dags. 2021-01-20.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**2. Kotra 14 - einbýlishús 2021 - 2102007**

Guðmundur Bragason kt. 120279-4409, Syðra-Laugalandi, Eyjafjarðarsveit, sækir um byggingarleyfi vegna nýbyggingar 282,3 fm einbýlishúss á lóðinni Kotra 14, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdrættir frá Valbirni Vilhjálmsyni dags. 2021-02-03.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**3. Kristnesspítali viðhald 2020 - 2101007**

Sjúkrahúsið á Akureyri kt. 580269-2229, Eyrarlandsvegi 600 Akureyri, tilkynnir um endurbætur á byggingunni Seli í Kristnesspítala (mhl. 8). Framkvæmdin rúmast innan heimildar í grein 2.3.5. b í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Erindinu fylgja uppdrættir frá AVH teiknistofu dags. 2020-11-24.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**4. Hjálmsstaðir 1A - efri hæð 2021 - 2102002**

Sigríður Hrefna Pálsdóttir kt. 280876-3059, Hjálmsstöðum A1 605 Eyjafjarðarsveit, tilkynnir um innréttingu íbúðarherbergja í áður óinnréttuðu risi íbúðarhúss að Hjálmsstöðum A1. Framkvæmdin rúmast innan heimildar greinar 2.3.5 a. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Erindinu fylgja uppdrættir frá Þresti Sigurðssyni hjá Opus verkfræðistofu dags. 2021-02-02.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15**

---

Vigfús Björnsson

---